



Ungbarnaleikskólinn Ársól - Heilsuleikskóli

2024 – 2025



Einkunnarorð Skóla ehf.:

Heilbrigð sál í hraustum líkama

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólustjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
4 Innra mat deilda	10
5 Innra mat sérkennslu.....	14
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva	18
8 Foreldrasamvinna.....	18
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
10 Fylgiskjöl	21
10.1 Fylgiskjal – Umsögn foreldraráðs.....	22
10.2 Önnur fylgigögn - Gátlisti heilsustefnunnar	26

Leiðarljós leikskólans

Heilbrigð sál í hraustum líkama þar sem *samvinna* starfsfólks einkennist af *jákvæðni, gleði, kærleika og trausti*.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í maí 2023 tekur undirrituð við sem skólastjóri leikskólans en hún hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan 2015, meðal annars sem deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri. Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir kom í stað Árnýjar Sifjar Reynisdóttur sem aðstoðarskólastjóri.

Skólaárið byrjaði í töluverðri óvissu hvað varðar upphaf skólagöngu nýrra barna en aðlaganir barna í leikskólanum spönnuðu tímabilið ágúst 2023 til janúar 2024. Yfir skólaárið urðu breytingar á starfsmannahópnum, einhverjir stoppuðu stutt við og við bættist nýjir starfsmenn við þann frábæra mannauð sem leikskólinn býr yfir. Þessar breytingar fylgdu ákveðnar áskoranir og lærðum við ansi margt í gegnum þau ferli hvað varðar skipulag nýliðunar og samskipti við foreldra og aðrar fagstéttir. Skólaárið fór í að samstillta starfsmannahópinn og endurbæta verklag leikskólans með tilliti til upplýsingaflæðis og nýjunga í þekkingu á leikskólastarfi með yngstu börnum leikskólans.

Við vorum svo afskaplega heppin að allir þrír deildarstjórar leikskólans stunduðu nám í leikskólakennarafræði samhliða vinnu en ásamt þeim var stór hluti starfsmannahópsins í annars konar námi. Stjórnendateymi Ársólar snéri vörn í sókn hvað varðar faghlutfall leikskólans og náðum að rífa okkur upp í tæp 38%, sem er aukning um tæp 24% á einu ári. Enn fremur erum við gífurlega stolt af okkar mannauði en einn deildarstjóri útskrifaðist nú í júní með meistaragráðu í leikskólakennarafræðum, annar með bakkalárgráðu í sama námi og einn starfsmaður útskrifast úr guðfræði námi og hyggur á talmeinafræði í haust. Aðrir starfsmenn halda áfram í sínu námi í m.a. sálfræði með uppeldisfræði sem aukagrein, grunnskólakennarafræði og alþjóðamenntunarfræði en einnig mun bætast í námsmannaflórana okkar því einn starfsmaður mun bætast í sálfræðibrautina og undirrituð hyggur á viðbótardiplómu í menntastjórnun. Það getur verið snúið að hafa hátt hlutfall starfsmanna í námi en ef síðastliðið skólaár er búið að kenna okkur eitthvað þá er það að við getum leyst öll verkefni og fundið lausnir sem henta skólastarfi leikskólans.

Það má með sanni segja að starfsmannahópurinn er útbúinn miklum metnaði og vilja til að þróa starf leikskólans enn fremur með tilliti til ungs aldurs barnanna og höfum við lagt áherslu á að fara í heimsóknir í aðra leikskóla sem starfa með svipaðan aldur. Það að geta farið og speglað eigið starf við aðra starfsstaði er dýrmætt og það er ánægjulegt að sjá aukningu á sérhæfðum ungbarnaleikskólum innan borgarinnar. Það gefur okkur aukin tækifæri til speglunar.

Með miklum metnaði, jákvæðni og gleði viljum við halda áfram að vera framúrskarandi ungbarnaleikskóli og fyrirmynd fyrir aðra sem vinna með svo ungum börnum. Starfsfólk Ársólar einsetur sér að verða brautryðjandi í leikskólastarfi yngstu barnanna. Þrátt fyrir að starf leikskólans sé framúrskarandi og í stöðugri þróun þá teljum við húsnæði Ársólar ábótavant og barn síns tíma með tilliti til þess aldurs sem þar er unnið með. Starfsfólk leikskólans er þó ansi lúunkið með að finna lausnir á þeim vandkvæðum þó til skammstíma sé litið.

Símenntun síðasta skólaárs var ekki eins og best var á kosið en við fögnum því að náðist að fara í námsferð til Finnlands þar sem við fengum tækifæri til að spegla okkur í starfi sjálfstæðra skóla á því svæði, dýpka þekkingu okkar á vinnslu opins efniviðs og kynnst finnskum hefðum í menningarlegu samstarfi við leikskóla. Enn fremur fengum við fyrirlestra um lögbundnar skyldur okkar sem fagaðila í leikskólum og hvernig við gætum betur nýtt okkur frítíma okkar til að núllstilla okkur og mæta enn tilbúnari til að takast á við þau verkefni sem okkur berast í starfi. Starfsmenn lögðu einnig ríka áherslu á að útbúa myndefni sem ætlað er til kennslu nýrra starfsmanna og foreldra í notkun Tákn með tali ásamt söngvum. Hugmyndavinna okkar hvað varðar samstarf við aðra leikskóla sem vinna með svipaðan aldur er enn í gangi og mótast enn meir eftir því sem við kynnumst starfi annarra leikskóla með heimsóknum og samtölum.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Fundargerðum og viðtöl við starfsmenn	Starfsmenn og stjórnendateymi	Þróun leikskólastarfsins hefur ekki gengið sem skyldi og markmið sett um að bæta úr vanköntum með breytingum og auknu upplýsingaflæði til og á milli starfsmanna
Uppeldis- og menntastarf	Gátlistar og skráningar	Deildarstjórar og starfsmenn	Gengur vel að vinna með þroskapætti samkvæmt stjórnendahandbókum deildarstjóra en þörf á að endurskoða uppsetningu skráninga í Heilsubók barnsins (yngri en tveggja). Gott tækifæri til að endurbæta Heilsubók barnsins út frá reynslu og sérsviði leikskólans. Gengið vel að innleiða betur sjónrænt skipulag á deildum og verður sú vinna í áframhaldandi mótun
Mannauður	Kannanir og fagfundir	Allir starfsmenn	Fagfundir gáfu til kynna að erfiðlega gekk að innleiða faglestur yfir skólaárið en deildarstjórar báru hitann af faglegum umræðna

			innan deildanna sinna og verður tækifærið nýtt til þess að innleiða lestrarhópa og jafnvel að halda umræðutíma um nytsamlegar greinar og speglun við starfið
Leikskólabragur	Viðtöl við nýja starfsmenn í starfi	Stjórnendateymi	Styrkleikar eru þeir að mikill samstarfsvilji er í mannauðnum en þörf á að útbúa hentugari aðferð til að kynna nýju starfsfólki fyrir starfsháttum og menningu skólans
Innra mat	Birting upplýsinga og upplýsingaflæði	Stjórnendur og allir starfsmenn	Upplýsingaflæði er ekki nægjanlega tryggt miðað við umræður starfsmanna og starfsáætlanir eru ekki sýnilegar á heimasíðu leikskólans. Frambærilegar hugmyndir á borðum til að tryggja að þessum þætti verði náð, með skipulegri fundargerðum og tilkynningum á töflu í starfsmannarými
Grænfáninn	Markmið og unnið að úttekt	Grænfánateymi	Allir starfsmenn eru virkir þátttakendur í umhverfismenntastarfi barnanna út frá settum markmiðum. Markmiðin hafa þróast í gegnum árið

			og hefur gengið vel að vinna að þeim.
Heilsueflandi leikskóli	Umbætur á tannvernd og hávaðamælingu	Heilsueflandi teymi og stjórnendur	Útbúið hefur verið tannverndarstefna og Heilsubók barnsins endurskoðuð m.t.t. tannheilsu ungra barna. Gott tækifæri að leggja grunn að fræðslu til foreldra. Starfsfólk er meðvitað um áhrif hávaða í umhverfi barna og leitast í hvívetna við að veita börnunum tækifæri til náms í fámennari hópum ásamt að leiða leik í kyrrlæti þegar á við.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ekkert ytra mat fór fram í leikskólanum			

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýliða	Endurskoðun á móttökuáætlun	Ný móttökuáætlun verði mótuð og sett í notkun ásamt að hlutverk stjórnenda í móttöku verði skýrt	Stjórnendateymi	Haus t '24	Vor '25	Viðhorfskönnun starfsmanna. Viðtal stjórnenda/deildars t. við nýjan starfsmann eftir 3 mánuði í starfi	Nýjir starfsmenn upplifi sig fullgilda þátttakendur í starfi leikskólans
Upplýsingaflæði	Til starfsmanna og foreldra	Upplýsingarpóstur til starfsmanna og foreldra, ásamt að reglulegar fundargerðir verði gerðar aðgengilegri	Stjórnendateymi	Haus t '24	Vor '25	Viðhorfskönnun foreldra og starfsmanna að vori	Könnun leiði í ljós aukna ánægju um upplýsingaflæði
Fræðsla	Að allir starfsmenn þekki stefnu leikskólans og skilji tilgang með leikskólasterfi	Fræðsla til allra starfsmanna á skipulagsdögum, bæði með fyrirlestrum og faglegum umræðum	Stjórnendateymi	Haus t '24	Vor '25	Viðhorfskönnun starfsmanna og þátttaka í umræðum í teymum	Könnun leiði í ljós aukna ánægju um fræðslu og faglegar umræður
Mannauður/Leikskólabragur							
Leiðsögn	Auka leiðsögn til allra starfsmanna	Fleiri samtöl deildarstjóra við starfsfólk og starfsþróunar	Stjórnendateymi	Haus t '24	Vor '25	Viðhorfskönnun starfsmanna	Könnun leiði í ljós aukna ánægju um leiðsögn í starfi

		<p>samtöl við leikskólastjóra.</p> <p>a. Einnig skilvirkari móttaka nýliða</p>					
Starfsandi	<p>Að auka starfsgleði og þátttöku starfsmanna, minnka álag</p>	<p>Auka upplýsingaflæði til starfsmanna, setja fram skýr hlutverk og boðleiðir</p>	<p>Stjórnendateymi og allir starfsmenn</p>	<p>Haus t '24</p>	<p>Vor '25</p>	<p>Viðhorfskönnun starfsmanna</p>	<p>Könnun leiði í ljós aukna ánægju í starfi og og starfsmenn finni sig valdeflda í starfi</p>
Innra mat							
Grænfáninn	<p>Öðlast fjórða fánann</p>						
Heilsueflandi leikskóli							
Heilsustefnan	<p>Endurbætur á Heilsubók barnsins</p>	<p>Uppfæra Heilsubók barnsins – yngri en 2 ára svo betur megi nýta skráningar og allir starfsmenn eigi auðvelt með að sinna skráningum</p>	<p>Allir starfsmenn og stjórnendateymi</p>	<p>Haus t '24</p>	<p>Vor '25</p>	<p>Umræður meðal starfsmanna um árangur og samþykki Samtaka Heilsuleikskóla fyrir breytingum</p>	<p>Að uppfærsla henti vel og samþykki fyrir breytingum fáiast frá Samtökum Heilsuleikskóla</p>
Ytra mat	<p>Að ytra mat verði framkvæmt í leikskólanum</p>	<p>Framkvæmd verði viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra um starf leikskólans</p>	<p>Stjórnendateymi</p>	<p>Haus t '24</p>	<p>Vor '25</p>	<p>Viðhorfskannani</p>	<p>Viðhorfskannanir</p>

4 Innra mat deilda

Veturinn 2023-2024 voru samtals 54 börn, þar af upb 18 á hverri deild, fædd árin 2021-2023. Almennt er einungis einn árgangur hverju sinni með örfáum yngri börnum þegar börn flytjast yfir í næsta leikskóla þegar líða tekur að lokum skólaárs. Yfir skólaárið voru aðlaganir, en þó helst að hausti, og því gat oft á tíðum verið krefjandi að samræma verklag á milli aldurshópa og mismunandi þarfa barnanna. Skólaárið gekk brösulega og stjórnendur og starfsmenn finna aukna þörf á að einfalda verkefni og aðferðir svo betur megi vinna að bættum starfsháttum. Dreigið var úr umbótaþáttum þar sem átti við en ákvörðun tekin um að vinna betur með reglulega deildarfundum innan deilda og að fundargerðir séu gerðar, að þróa enn frekar notkun Vináttuverkefni Barnaheilla – Blæ og að setja upp og þróa sjónrænt skipulag sem gagnast sem best öllum deildum. Heilt yfir gekk vel að vinna að þessum umbótaþáttum en þar sem þættirnir eru ekki enn orðnir „fastmótaðir í veggjunum“ þá munu þeir vera í áframhaldandi mótun á næsta skólaári. Þar sem allar deildar vinna með sama aldri og sama fjölda barna eru umbótaþættir deildanna samræmdir til þess að myndist heildstætt verklag og sömu gæði á öllum deildum.

Umbótaþættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2023-24	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vináttu- verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ- stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega.	Endurmat verður gert á vorönn 2024	Að börnin þekki Blæ og læri af honum
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Myndrænt skipulag tekið í notkun	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjóri	Endurmat á vorönn 2024	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun

Umbótaþættir Sólheimar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2023-24	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vináttu-verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ-stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega.	Endurmat verður gert á vorönn 2024	Að börnin þekki Blæ og læri af honum
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Myndrænt skipulag tekið í notkun	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjóri	Endurmat á vorönn 2024	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun

Umbótaþættir Sunnukot	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2023-24	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vináttu- verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ- stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega.	Endurmat verður gert á vorönn 2024	Að börnin þekki Blæ og læri af honum
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Myndrænt skipulag tekið í notkun	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjóri	Endurmat á vorönn 2024	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Almennt hefur verið lítil þörf fyrir sértæka sérkennslu í leikskólanum. Við höfum þó upplifað aukna þörf á markvissri þjálfun starfsmanna í sérkennslumálum en breyting á aldurssamsetningu nemenda gaf ríkari ástæðu til að rýna betur í og veita frekari aðstoð til þeirra barna sem á þurftu. Við teljum að með hækkandi aldri fáum við betri yfrsýn á þroskaferli barnsins. Gerð var einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þess þurftu en lögð var áhersla á að sérkennsla sé unnin að mestu eða öllu leiti innan deilda í daglegu starfi. Í þeim tilvikum sem við átti voru notaðar samskiptabækur, ýmist innan leikskólans og á milli heimilis og skóla. Í hópastarfi voru skráningar unnar þvert á barnahópinn en sérstök áhersla lögð á þau börn sem talið var að það myndi gagnast enn frekar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Heilsubók barnsins, Smábarnalistinn, Orðaskil, Félagsfærniátlistar 1-2 ára, ASEBA, Gátlisti fyrir mál og tal 2-3 ára</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Keyptir voru fleiri matslistar Orðaskil en önnur námsgögn voru útbúin af starfsmönnum leikskólans. Eins fengu allir foreldrar handbókina <i>Þroski barnsins – SKREF FYRIR SKREF</i> sem unnin var í samstarfi við BHRG – Bio Trio</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lausnateymi	Að setja saman lausnateymi innan leikskólans, til að ræða lausnir að þeim vanda sem kann að koma hjá einstaka barni eða barnahópi	Finna fasta tímasetningu fyrir teymið að hittast. Velja hverjir sitja í Lausnateymi. Velja hvaða gögnum skal vinna út frá og velja verlag til að vinna eftir.	Sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra	Haut 2024	Vor 2025	Hvort náðst hafi að hittast og farið yfir fundargerðir og metið hvort árangur hafi náðst	Að úrlausnir finnast og farið verði eftir þeim hugmyndum sem upp koma á fundunum. Hvort kennarar finni sig öruggari í að stíga inn í hegðunareða önnur krefjandi mál tengt börnunum
Innleiðing á TRAS og Smábarnalista	Að stjórndahópur fari á námskeið í TRAS og Smábarnalista	Að einn eða fleiri stjórnandi fari á námskeið í TRAS og/eða Smábarnalista á skólaárinu 2024-2025	Leikskólastjóri	Haut 2024	Vor 2025	Þátttaka á námskeiði TRAS og/eða Smábarnalista	Að einn eða fleiri stjórnandi hafi farið á námskeið í TRAS og/eða Smábarnalista á skólaárinu

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var notað til aukins sveigjanleika í ráðningu afleysingar svo möguleiki sé á fámennari hópum í málörvunarstundum, en í dagskipulagi leikskólans er gert ráð fyrir markvissri málörvun í öllu daglegu starfi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í dagskipulagi leikskólans er gert ráð fyrir markvissri málörvun í öllu daglegu starfi. Lögð er áhersla á Tákn með tali og söng. Ennfremur var lögð aukin áhersla á lestur og sögustundir í kyrrlátu umhverfi.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna í íslensku með notkun Heilsubókar barnsins en í undirbúningi fyrir foreldrasamtöl er tjáning barns metin og tekin ákvörðun hvort þörf sé á frekari úrræðum
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, eftir því sem við á miðað við aldur barnanna.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nýta heimasíðu Orðaleikur og fleiri áhugaverðra gagna	Nýta myndirnar og þau verkfæri sem á síðunni eru í vinnu með fjöltyngdu m börnum og börnum sem hafa slakan málþroska	Opna á samstarf við aðra leikskóla sem vinna með svipaðan aldur og kynnst þeirra aðferðum og verkfærum	Sérkennslustjóri	Haust 2024	Vor 2025	Með samtali við deildastjóra deildanna hvort þeir hafi náð að tileinka sér námsefnið.	Að námsgögn séu í markvissri notkun

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í verklagi sem Skólar ehf. hafa sett sér er gert ráð fyrir að deildarstjórar taki starfsþróunarsamtöl annað árið og skólastjóri hitt árið. Á skólaárinu 2023-2024 tóku deildarstjórar óformleg samtöl við flest starfsfólk skólans, viðtölin fóru fram í febrúar-ágúst 2024 en mikil nýliðun var á tímabilinu og því lögð áhersla á samtöl við nýja starfsmenn. Á skólaárinu 2024-2025 mun leikskólastjóri taka samtöl við starfsfólk.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa starfsþróun milli þess sem skólinn bauð þeim uppá. Sex starfsmenn sóttu ýmis konar nám, þ.á.m. í Uppeldis- og menntunarfræði, Sálfræði, Leikskólakennarafræði, Alþjóðamenntunarfræði, Grunnskólakennarafræði og Guðfræði með undirbúningsnámi fyrir talmeinafræði. Sérkennslustjóri fékk fræðslu tengt nýjum farsældarlögum.

Starfshópar	Námskeið - kennari	Markmið	Tími	Greiðandi	Ábyrgð
Allir	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól- Inga Dóra	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Ágúst 2023	Skólar ehf	Stjórnendur
Allir	Sameiginlegar uppeldisreglur- Inga Dóra	Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum	Ágúst 2023	Skólar ehf	Stjórnendur
Rakel Ósk Þórðardóttir	Trúnaðarmannanámskeið Eflingar	Kynnast starfsemi Eflingar og hlutverki trúnaðarmans	Skólaárið '23-24		Rakel Ósk Þórðardóttir
Stjórnendur	Smábarnalistinn	Öðlast réttindi til að lesa úr listanum sem er lagður fyrir foreldra	Haustönn 2024	Þátttakendur	Þátttakendur
Stjórnendur	TRAS	Öðlast réttindi til að lesa úr listanum sem er lagður fyrir foreldra	Skólaárið '24-'25	Þátttakendur	Þátttakendur
Allir	Fjölbreyttir fyrirlestrar um hegðun barna og þróun leiks	Að starfsfólk kynni sér hegðun og leik barna og nýti sér þá þekkingu að vinna með þroskaþætti barna í gegnum hópastarf	Skólaárið '24-'25	Skólar ehf	Stjórnendur
Allir	Leikskólaheimsóknir	Að sjá og kynnast leikskólastarfi annarra skóla sem starfa með svipaðan aldur	Skólaárið '24-'25		Stjórnendur
Allir	Skyndihjálparnámskeið	Að starfsfólk læri rétt viðbrögð við slysum	Haust '24	Skólar ehf	Stjórnendur

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva

Þar sem Ársól er ungbarnaleikskóli fara börnin ekki yfir á næsta skólastig þegar þau hætta í skólanum. Þau fara þó yfir í umhverfi sem er meira krefjandi og börnin þurfa því að vera vel undirbúin fyrir það. Hlutverk starfsfólks Ársólar er að undirbúa þau sem best fyrir þetta næsta skref og það er gert með því að veita þeim sem flest tækifæri til þess að þroskast og dafna í öruggu umhverfi. Farið er í vettvangsferðir um hverfið, skipulagðar hreyfistundir eru tvisvar í viku, börnin læra að borða sjálf með áhöldum, að klæða sig úr/í sjálf, að drekka úr opnu glasi, að leggja sig inni með öðrum börnum, að leika sér og eiga í samskiptum við aðra og ýmislegt fleira. Allt þetta er góður og mikilvægur undirbúningur fyrir framtíðina.

8 Foreldrasamvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Þegar barnið fær leikskólavist í Ársól er foreldrum boðið á kynningarfund hjá skólastjórnendum sem kynna stefnu skólans, foreldrar undirrita dvalarsamning og skoða deildina sem barnið mun vera á. Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum, meðal annars með heimsóknum heim til barnanna. Á þeim tíma er grunnur lagður að foreldrasamstarfi ásamt þátttökuáðlögun þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi. Í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í október ár hvert ásamt kynningarfundum fyrir nýja foreldra á vorönn. Á haustfundinum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, sagt frá áherslunum fyrir komandi skólaár og þróunarverkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Einnig er kosið í foreldraráðið og fulltrúa foreldra í Grænfánateymið en það þarf nýja fulltrúa á hverju ári vegna þess að börnin eru oftast bara í Ársól í einn vetur.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða hópstjóri eiga formlegt samtalið við forelda einu sinni til tvisvar á ári þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Samtalið er byggt á upplýsingum um barnið, athugunum á færni og þroska í leik og starfi og Heilsubók barnsins. Miðað er við að skrá í Heilsubók barnsins við 18 og 24 mánaða aldur og þá eru foreldraviðtölin fljótlega eftir skráninguna hverju sinni. Með þessu nýja fyrirkomulagi gefst betra tækifæri til að bera saman þroskaframvindu

barnanna með 6 mánaða millibili. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Á haustönn er einnig val fyrir foreldra hvort þeir vilji viðtal u.þ.b. þremur mánuðum eftir að aðlögun hefst.

Foreldrar eiga einnig alltaf kost á því að fá viðtalstíma við kennara ef þeir hafa þörf fyrir að ræða málin auk þess sem að lögð er mikil áhersla á dagleg samskipti og gott upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla. Foreldrasamtöl geta farið fram á staðnum eða í gegnum fjarfundarbúnað.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldraráð leikskólans hefur verið sambland af ráði og foreldrafélagi vegna smæðar skólans og er nýtt ráð kosið árlega á haustfundi með foreldrum. Markmið foreldraráðsins er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna ásamt innra starfi leikskólans. Einnig hefur foreldraráðið komið að skipulagningu sumarhátíðar leikskólans sem er haldin árlega en mánaðarlegt foreldrafélagsgjald stendur meðal annars undir kostnaði við hátíðina. Sumarhátíð Ársólar 2024 var haldin föstudaginn 31. maí þar sem við áttum gleðilega stund innandyrna með skemmtikraftinum Sólon, leikjum og andlitsmálningu ásamt því að boðið var upp á heilsusamlegar veitingar.

Á skólaárinu 2023-2024 gaf foreldrafélag Ársólar öllum börnunum bókagjöf í desember og í maí.

Samskipti við erlenda foreldra

Eins og við alla foreldra er lögð áhersla á góð og uppbyggileg samskipti við foreldra sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þegar farið er í heimsókn áður en barnið byrjar í Ársól er fyllt út sérstakt eyðublað þar sem meðal annars er spurt um hvaða tungumál eru töluð á heimilinu, við barnið, foreldrar sín á milli o.þ.h. Með þessu er hægt að kortleggja í hvaða aðstæðum barnið sé, hvort það heyri íslensku talaða heima o.þ.h. Einnig er kannað hvort foreldrar vilji tulk í foreldraviðtölum. Að auki er reynt að undirbúa foreldrana vel undir aðlögunina, meðal annars með skriflegum upplýsingum með áætlun fyrir aðlögun (einnig til á ensku) og einnig blað varðandi hagnýtar upplýsingar (að koma og fara, veikindi og fjarvistir, merkja fatnað o.þ.h.). Aðlögun getur reynt foreldrum erfið, sérstaklega þeim sem hafa ekki reynslu af íslenska leikskólakerfinu og þess vegna þarf að sýna þessum hópi sérstaka athygli og skilning. Í heimsóknunum hafa foreldrar tækifæri til að spyrja og fá upplýsingar á sínu heimili án truflunar frá utanaðkomandi aðila og eru því vonandi betur í stakk búin að takast á við að skilja börnin eftir í fyrsta skipti í lok fæðingarorlofs.

Fyrir þau börn sem eiga báða foreldra af erlendu bergi og hafa lítið heyrt íslenskuna er reynt að nota Tákni með tali markvisst og að tala mikið við börnin, eins og er gert við öll börnin í Ársól.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagarnir verða sex talsins, tveir heilir og tveir hálfir fyrir áramót og þrír eftir áramót. Fyrsti skipulagsdagurinn verður hálfur dagur þann 1. ágúst fyrir hádegi. Dagurinn mun fara í að standsetja leikskólann eftir örlitlar framkvæmdir sem verða í húsi yfir sumarið. Næsti skipulagsdagur verður 27. september þar sem verður meðal annars boðið upp á skyndihjálpanámskeið og áherslur leikskólans verða í brennidepli. 25. október verður hálfur skipulagsdagur sem mun fara í að skipuleggja fyrstu foreldraviðtöl að hausti. 22. nóvember verður heill skipulagsdagur þar sem farið verður í rýnivinnu á áherslum og verklagi leikskólans í teymisvinnu ásamt starfsmannafundi. Eftir áramót er skipulagsdagur 6. Febrúar, vegna Dags leikskólans. Skipulagsdagar 24. mars og 16. maí verða nýttir til aukinnar fræðslu og/eða starfsmannafunda og leikskólaheimsókna.



Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: Ungbarnaleikskólinn Árósi - Heilsuleikskóli

ÁÐÚT	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MAR 3	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M
2. F	2. M	2. F	2. L	2. M	2. F	2. S	2. S	2. M	2. F	2. S	2. M
3. L	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F
4. S	4. M	4. F	4. L	4. M	4. F	4. S	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M
5. M	5. F	5. L	5. M	5. F	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. L
6. F	6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. F	6. F	6. S	6. F	6. S	6. M
7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. F	7. M	7. L	7. M	7. S
8. S	8. M	8. F	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M
9. F	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. L
10. L	10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. L	10. M	10. F	10. S
11. S	11. M	11. F	11. L	11. M	11. F	11. S	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M
12. M	12. F	12. L	12. M	12. F	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. S
13. L	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. F	13. M	13. L	13. M	13. F
14. S	14. M	14. F	14. L	14. M	14. F	14. S	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M
15. M	15. F	15. L	15. M	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. L
16. F	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. F	16. F	16. S	16. F	16. S	16. M
17. L	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. L	17. M	17. F	17. S
18. S	18. M	18. F	18. L	18. M	18. F	18. S	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M
19. M	19. F	19. L	19. M	19. F	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. L
20. L	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. F	20. M	20. L	20. M	20. F
21. S	21. M	21. F	21. L	21. M	21. F	21. S	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M
22. M	22. F	22. L	22. M	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. S
23. F	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. F	23. M	23. L	23. M	23. F
24. L	24. M	24. F	24. L	24. M	24. F	24. S	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M
25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. F	25. M	25. L	25. M	25. F
26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. S	26. M	26. M	26. L	26. M	26. F	26. L
27. L	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. F	27. M	27. L	27. M	27. F
28. S	28. M	28. F	28. L	28. M	28. F	28. S	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M
29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F	29. L
30. L	30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. F	30. M	30. L	30. M	30. F
31. S	31. M	31. F	31. L	31. M	31. F	31. S	31. S	31. M	31. F	31. S	31. M

*Með fyrirvara um breytingar skóladagatals 2024-2025 að veittu samþykki foreldraráðs

10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans

Inga Dóra Hlíðdal Magnúsdóttir 30.júní 2024

Leikskólastjóri

Dagsetning

10.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2024 – 2025 Ungbarnaleikskólinn Ársól - Heilsuleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðmundur Sigurðsson
Steinar Örn Steinarsson
Anna Kolbrún Kristmundsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Ársólar hefur lesið yfir og samþykkt starfsáætlun 2024-2025.

Þrátt fyrir að húsnæðið sé orðið frekar lítið og gamalt þá er starfsfólkið einstaklega úrræðagott og kemur sífellt með lausnir á því sem kemur upp.

Mikið er lagt upp með gæðum í Ársól og þar má nefna mjög gott mötuneyti með hollum og góðum mat. Einnig er áhersla á tákni með tali sem er mikið lagt upp með.

Það er mjög ánægjulegt að vita af þeim áhuga sem starfsfólkið hefur fyrir starfi sínu og er sífellt að sækja þekkingu. Starfsfólkið er með fjölbreytta menntun og tókst þetta árið að fjölga starfshlutfalli

menntaðs fólk sem er virkilega ánægjulegt. Starfsfólkið fór í endurmenntunarferð til Finnlands til að sækja sér þekkingu og innblástur sem mun nýtast komandi árgöngum.

Í heildina teljum við að Ársól sé framúrskarandi ungbarnaleikskóli með jákvæðu og lausnamiðuðu starfsfólki.

Með þökk fyrir líðandi skólaár,

Foreldraráð

10.2 Önnur fylgigögn - Gátlisti heilsustefnunnar



Gátlisti heilsustefnunnar

<u>Lífsleikni</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Leikurinn					
1	Börnin fá tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik		X		
2	Frumkvæði og hugmyndaflug barna er virt		X		
3	Efniviður er vandaður, fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna			X	
4	Starfsfólk er til staðar til að kveikja áhuga og styðja við nám barnanna	X			
5	Starfsfólk er hvatt til að kynna sér skilgreiningu á þróun leiks		X		
Samskipti					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Börnin eru hvött til tjáskipta	X			
2	Börnin fá tækifæri til að leysa ágreining sín á milli		X		
	Lögð er áhersla á jákvæð samskipti á milli:	X			
3	barna	X			
4	barna og starfsfólks	X			
5	starfsfólks	X			
6	foreldra og starfsfólks	X			
Líðan					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Lögð er áhersla á að efla sjálföryggi barna	X			
2	Lögð er áhersla á að kenna börnum að sýna hvert öðru umhyggju	X			
3	Starfsfólk nýtir frjálsa leikinn til að fylgjast með líðan barna		X		
4	Börnin eru hvött til þess að segja með orðum hvernig þeim líður	X			
<u>Næring og sjálfshjálp</u>					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Næring					

1	Matseðilinn er settur saman með hliðsjón af ráðleggingum Embættis landlæknis	X			
2	Matseðilinn er yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi	X			
3	Matseðillinn er sýnilegur foreldrum	X			
4	Viðmið Embættis landlæknis er notað þegar valin er mjólk	X			
5	Boðið er upp á fisk tvisvar í viku eða oft	X			
6	Boðið er upp á fjölbreytt grænmeti daglega	X			
7	Ávextir eru í boði oft en einu sinni á dag	X			
8	Boðið er upp á lýsi eða annan D vítamínjafa daglega	X			
9	Trefjainnihald brauðs er að lágmarki 6 grömm á hver 100 grömm	X			
10	Vatn til drykkjar er aðgengilegt	X			
11	Máltíðir eru að mestu unnar frá grunnu	X			
12	Salti í máltíðum er haldið í lágmarki < 2,5gr RDS	X			
13	Hörð fita í máltíðum er höfð í lágmarki	X			
14	Börnin eru hvött til að smakka allan mat	X			
15	Jákvæð umræða er um matinn í matartímum og fræðsla um hollustu	X			
Svefn					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Leikskólinn veitir börnunum tækifæri til hvíldar yfir daginn	X			
2	Leikskólinn veitir þeim börnum sem sofa tækifæri til þess yfir daginn	X			
3	Leikskólinn styðst við viðmið heilsugæslu þegar kemur að svefnþörf barna undir 2 ára 12,5 - 15,5 klst. á sólarhring og 2-4 ára 11-13 klst. á sólarhring	X			
Sjálfs hjálp					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Í leikskólanum fá börn 2 ára og eldri hníf og gaffal			X	
2	Börnin eru hvött til að smyrja sjálf			X	
3	Börnin eru hvött til að hella sjálf			X	
4	Börnin eru látin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og útiveru		X		
5	Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf		X		
Sköpun					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu sköpunar		X		
2	Dagskipulagið gefur tækifæri til skapandi vinnu		X		
3	Skapandi efniviður er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin bæði úti og inni			X	

4	Efniviður til að þjálfa fínhyringar (t.d. litir, skæri, pappír) er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin			X	
5	Börnin fá tækifæri til að beita líkamanum á mismunandi hátt, t.d. sitja við borð, standa við trönur, liggjandi á gólfi o.s.frv.	X			
6	Börnin fá tækifæri til að fara ólíkar leiðir í sköpun (myndlist, sögugerð, tónlist, dans, tjáning, frjáls leikur, ræktun)	X			
7	Starfsfólk er meðvitað um að sköpunarferlið skiptir mestu máli en ekki útkoman		X		
8	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að grípa augnablikin og vekja forvitni barnanna á umhverfi sínu		X		
9	Verk barnanna eru sýnileg hvort sem það tengist myndlist, frásagnir, koma á framfæri því sem þau eru að skapa	X			
<u>Hreyfing</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu hreyfingar	X			
2	Áhöld til að geta framkvæmt æfingarnar úr Heilsubók barnsins eru til staðar		X		
3	Hreyfistundir eru byggðar á þáttum úr Heilsubókinni	X			
4	Samræmd markmið og tímaseðlar eru fyrir hvern aldur í hreyfistundum	X			
5	Skipulagðar hreyfistundir í sal eru að lágmarki einu sinni í viku	X			
6	Börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag		X		
7	Leikskólinn nýtir sitt nánasta umhverfi fyrir hreyfistundir	X			
8	Starfsfólk tekur þátt í leikjum og hreyfingu með börnum inni/úti		X		
9	Farið er í göngu- eða vettvangsferðir með öll börn reglulega		X		
10	Stjórnendur leitast við að fá námskeið fyrir starfsfólk tengd hreyfingu barna		X		
11	Starfsfólk er hvatt til hreyfingar í frítíma	X			
12	Foreldrar fá fræðslu um heilsustefnuna	X			
<u>Skráningar</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Markvisst er fylgst með þroska barna með skráningu í Heilsubók barnsins og skráð er tvisvar á ári	X			
2	Ábyrgðaraðili er yfir skráningu Heilsubókar	X			
3	Ábyrgðaaðilar eru öryggir á því hvernig á að skrá í Heilsubókina	X			
4	Lögð er áhersla á nákvæma skráningu um heilsufar barna	X			



SKOLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA